Tillaga að útfærslu og verklagi umhverfisviðurkenningar 2021.

Málsaðili	:	Kópavogsbær
Tengiliður	:	
Dagsetning	:	12.05.2021
Númer	:	2105064
Flokkur	:	900.00 Umhverfismál og náttúruvernd - Almennt og ýmislegt

Efni :

Lagt er til að útfærsla á umhverfisviðurkenningum verði að íbúar og umhverfisfulltrúi tilnefni til viðurkenningar miðað við viðurkenningarflokka sem eru á heimasíðu Kópavogsbæjar, sjá https://www.kopavogur.is/is/ibuar/umhverfi/umhverf...

Umhverfis og samgöngunefnd taki fyrir tilnefningar til umfjöllunar á fundi í lok maí. Gefin verði umhugsunartími að fundi umhverfis- og samgöngunefndar sem verði í lok júní þar sem farið verði yfir umhverfisviðurkenningar og þær ákveðnar. Síðan verði umhverfisviðurkenningar veittar í kringum 20-23. ágúst 2021.

Lagt er til eftirfarandi verklag fyrir umhverfisviðurkenningar 2021:
Umhverfisfulltrúi auglýsir eftir tilnefningum frá íbúum.
Umhverfisfulltrúi leggur fram lista af tillögum frá íbúum og sínar tillögur að umhverfisviðurkenningum 2021.
Umhverfisfulltrúi kemur með tillögu að götu ársins til forseta bæjarstjórnar.
Bæjarstjórn fjallar um tillögu og samþykkir í bæjarstjórn eða bæjarráði ef fundarhlé er hjá bæjarstjórn.
Umhverfisfulltrúi hefur samband við viðurkenningarhafa sem hafa hlotið samþykki Umhverfis- og samgöngunefndar um að fá viðurkenningu árið 2021.
Viðurkenningarhafa skila inn upplýsingum og teknar eru myndir fyrir upplýsingabækling.
Umhverfisfulltrúi lætur búa til viðurkenningar og skipuleggur akstur í samráði við Strætó bs. sem annast akstur á degi umhverfisviðurkenninganna.
Umhverfisfulltrúi í samráði við almannatengil Kópavogsbæjar hefur samband við bæjarblöð til að skrásetja viðburðinn Umhverfisviðurkenningar 2021.
Umhverfisfulltrúi skipuleggur Umhverfisviðurkenningar 2021, viðburð þar sem viðurkenningar eru veittar og skipuleggur vettvangsferð. Miðað verði við sóttvarnarreglur að hverju sinni, miðað er við 50 manns í dag en gætu breyst og taka þarf mið af því.
Verklag miðast við það verklag sem hefur verið frá 2014 til 2019 í framkvæmd.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026